



Lúxemborg, 5. júní 2025

FRÉTTATILKYNNING 08/2025

Dómur í máli E-25/24 *Dartride AS* gegn *norska ríkinu*

SKAÐABÓTAÁBYRGÐ RÍKJA SAMKVÆMT EES-RÉTTI NÆR TIL BROTA LANDSDÓMSTÓLA

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá áfrýjunardómstólnum í Eiðsivapíngi (*Eidsivating lagmannsrett*) um hvort skaðabótaábyrgð ríkja samkvæmt EES-rétti nær til brota landsdómstóla og skilyrðin sem þarf að uppfylla. Beiðni landsdómstólsins um ráðgefandi álit varðar skaðabótamál sem hann hefur til meðferðar þar sem *Dartride AS* krefst skaðabóta vegna tjóns sökum meints brots landsdómstóls á EES-rétti.

Í dómi sínum komst EFTA-dómstóllinn fyrst að þeirri niðurstöðu að reglan um skaðabótaábyrgð ríkisins væri almenn meginregla EES-réttar og óaðskiljanlegur hluti EES-samningsins. Meginreglan um skaðabótaábyrgð ríkisins samkvæmt EES-rétti felur í sér að EFTA-ríki er skylt að bæta einstaklingum og rekstraraðilum tjón vegna brota á skuldbindingum þess samkvæmt EES-samningnum sem ríki getur borið ábyrgð á.

EFTA-dómstóllinn hefur ítrekað komist að þeirri niðurstöðu að aðgangur að dómstólum og skilvirk réttarvernd séu grundvallarþættir í EES-rétti. Í ljósi þess mikilvæga hlutverks sem dómsvaldið gegnir í að vernda réttindi einstaklinga samkvæmt EES-rétti, væri skilvirkni EES-réttar stefnt í hættu ásamt því að dregið yrði úr réttarvernd ef einstaklingum væri meinað við ákveðnar aðstæður að krefjast bóta þegar réttindi þeirra hafa verið skert vegna brota á EES-rétti sem rekja má til landsdómstóls í EES-ríki sem dæmir á æðsta dómstigi.

EFTA-dómstóllinn lagði áherslu á að meðferð máls fyrir dómstól sem dæmir á æðsta dómstigi er síðasta tækifæri einstaklinga til að krefjast verndar þeirra réttinda sem þeim eru veitt samkvæmt EES-rétti. Þar sem brot á þessum réttindum með endanlegri ákvörðun æðsta dómstóls verður almennt ekki hnekk, má ekki svipta einstaklinga möguleikanum á að leita réttar síns með því að gera ríkið ábyrgt fyrir slíku broti til að tryggja vernd réttinda sinna. Enn fremur taldi EFTA-dómstóllinn að engin ástæða væri til að túlka meginregluna um skaðabótaábyrgð ríkisins samkvæmt EES-rétti þrengra en samkvæmt ESB-rétti.

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að uppfylla þyrfti þrjú skilyrði til að skaðabótaábyrgð ríkisins samkvæmt EES-rétti teljist vera fyrir hendi. Í fyrsta lagi verður reglan sem brotin er að fela í sér að einstaklingar og rekstraraðilar öðlist tiltekin réttindi; í öðru lagi verður brotið að vera nægilega alvarlegt; og í þriðja lagi verður að vera orsakasamband milli brots ríkisins á skuldbindingum sínum og þess tjóns sem tjónþoli verður fyrir.

Varðandi annað skilyrðið og beitingu þess með það í huga að koma á hugsanlegri skaðabótaábyrgð ríkisins vegna brots landsdómstóls sem dæmir á æðsta dómstigi, komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að taka yrði tillit til sérstaks eðlis dómsvaldsins og lögmætra krafna um réttaröryggi. Ábyrgð ríkisins vegna brota á EES-rétti vegna ákvörðunar landsdómstóls á æðsta dómstigi getur aðeins átt sér stað í þeim undantekningatilvikum þar sem dómstóllinn hefur bersýnilega brotið gegn EES-rétti.

Ráðgefandi álitið er skref í málsmeðferðinni sem er fyrir landsdómstólnum. Áfrýjunardómstóllinn í Eišivæpingi mun nú hefja málsmeðferð sína á ný og dæma í málinu í ljósi dóms EFTA-dómstólsins.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: <https://eftacourt.int/cases/e-25-24>

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.